

Reglur um styrki í tengslum við atvinnuuppbyggingu vegna endurgerðar gamalla húsa og fasteigna í eigu Fjarðabyggðar

1. Fjarðabyggð getur, með skriflegum samningum, afsalað fasteignum sveitarfélagsins til einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja vegna endurgerðar og atvinnuuppbyggingar. Slíka samninga þarf ávallt að leggja fyrir bæjarráð til samþykktar.
2. Í samningum um fasteignir skv. 1. gr., er heimilt að kveða á um styrk. Styrkveiting skal að hámarki vera til 5 ára frá afsalsgerð.
3. Forsenda styrks er að fyrir liggi framkvæmdaáætlun um endurgerð eignarinnar, þ.m.t. raunhæf rekstrar- og kostnaðaráætlun og áætlun um framkvæmdatíma. Jafnframt skal vera til staðar vel skilgreind framtíðaráætlun um notkun og hlutverk eignarinnar. Framangreindar áætlanir skulu fá samþykki bæjarráðs og þar til bærra nefnda og verða hluti af samningi skv. 1. gr. Styrkur er aldrei veittur fyrr en verkefni er hafð. Fjarðabyggð er hvenær sem er heimilt að láta byggingarfulltrúa gera úttekt á stöðu framkvæmda.
4. Aðili sem fengið hefur fasteign afsalaðri frá Fjarðabyggð skv. reglum þessum skuldbindur sig til að uppfylla allar opinberar kvaðir, hvort sem þær eru frá byggingarfulltrúa, eldvarnareftirliti, heilbrigðiseftirliti eða öðrum opinberum stofnunum.
5. Aðili sem fengið hefur fasteign afsalaðri frá Fjarðabyggð skv. reglum þessum skuldbindur sig til greiðslu brunatrygginga og annarra lögboðinna trygginga til viðurkennds tryggingafélags.
6. Aðili sem fengið hefur fasteign afsalaðri frá Fjarðabyggð skv. reglum þessum er með öllu óheimilt að afsala fasteigninni til þriðja aðila eða selja áfram. Bann við framsali gildir í tíu ár frá afsalsgerð nema sérstaklega sé samið um annað.
7. Veðsetning fasteigna, sem Fjarðabyggð hefur afsalað til þriðja aðila og falla undir reglur þessar er með öllu óheimil, nema sérstaklega sé samið um annað. Í kvöðinni felst að ekki verður tekið fjárnám í eigninni fyrir skuldum þinglýsts eiganda. Kvöð þessi gildir í tíu ár frá afsalsgerð.
8. Fjarðabyggð á forkaupsrétt að fasteignum sem falla undir reglur þessar nema samið sé um annað. Rétturinn gildir ótímabundið og við hverja sölu eignar. Fjarðabyggð ein getur fellt kvöð um forkaupsrétt úr gildi.
9. Aðili sem fengið hefur fasteign afsalaðri frá Fjarðabyggð, samkvæmt reglum þessum, hefur ekki heimild til að gera leigusamninga um viðkomandi fasteign með lengri uppsagnarfresti en 6 mánuðum, nema samið sé um annað. Kvöð þessi gildir á tímabili framsalsbanns nema um annað sé samið.
10. Kaupréttur. Gangi áætlanir skv. 3. gr., ekki eftir, þ.m.t. ef tafir verða, getur bæjarráð farið fram á að fasteign verði afsalað að nýju til Fjarðabyggðar og ber þá viðkomandi að verða við slíkri ósk. Þá verður kaupréttar neytt ef gert er árangurslaust fjárnám hjá eiganda fasteignar, hann verður gjaldþrota, leitar eftir nauðasamningum eða fram koma aðrar ástæður sem koma í veg fyrir framkvæmdir. Kaupréttur þessi gildir í tíu ár frá afsalsgerð, nema um annað sé samið.

11. Fjárhæð kaupréttar. Fjarðabyggð greiðir aldrei hærra fjárhæð, fyrir afsalaða fasteign, en greidd var í upphafi - sbr. 1. gr. Sé fasteign afsalað að nýju til Fjarðabyggðar ber Fjarðabyggð ekki að greiða með neinum hætti fyrir enduruppbyggingu, sem farið hefur fram á viðkomandi fasteign, nema sérstaklega sé um það samið.
12. Reglur þessar eru kynntar hlutaðeigandi og eru hluti af öllum samningum sem Fjarðabyggð gerir vegna endurgerðar gamalla húsa í eigu Fjarðabyggðar.
13. Þinglýsa skal samningum, og kvöðum sem í þeim felast, sem gerðir eru á grundvelli reglna þessara.

Fjarðabyggð 21. september 2018


Karl Ottar Pétursson
bæjarstjóri



Samþykkt á fundi bæjarráðs 17. september 2018

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 20. september 2018